

Umhverfisráðuneytið
Ingimar Sigurðsson
skrifstofustjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. febrúar 2007
2007020011/42-1-0
JGO/mfb

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Æðarræktarfélags Íslands

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 22. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um atriði í erindi frá Æðarræktarfélagi Íslands, dags. 18. september 2006, er lúta að vöktun stofnunarinnar á arnarvarpi.

Í bréfi sem Náttúrufræðistofnun sendi ráðuneytinu 3. október 2005 um vöktun arnarstofnsins var fjallað ítarlega um öll þau atriði sem enn og aftur eru rædd í erindi Æðarræktarfélagsins frá 18. september 2006. Við fyrrgreint bréf Náttúrufræðistofnunar er engu við að bæta enda eru rakalausar og ítrekaðar ásakanir Æðarræktarfélagsins í garð starfsmanns stofnunarinnar ekki svaraverðar nú fremur en áður.

Náttúrufræðistofnun telur að ráðuneytið hefði átt að tilkynna Æðarræktarfélaginu um móttöku erindis þeirra og láta þar við sitja. Loks ítrekar Náttúrufræðistofnun ósk sína sem fram var sett í bréfinu 3. október 2005. Þar var fari fram á að ráðuneytið kveði upp úr í eitt skipti fyrir öll hvernig vöktun arnarstofnsins skuli háttað.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri

